

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

120. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 22. ágúst 2013 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Kynning á Fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra og samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra. (Formenn fjallskilastjórna sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.)
2. Erindi frá byggðarráði – Beiðni um umsögn v/ erindis Sæunnar Sigvaldadóttur.

Afgreiðslur:

1. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir, formaður landbúnaðarráðs fór yfir og kynnti fyrir nefndarmönnum og fulltrúum fjallskilastjórna í sveitarfélaginu, er einnig sátu fundinn, fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra og samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest þessar samþykktir og birt auglýsingu þar um í Stjórnartíðindum. Farið var yfir og rætt um einstök ákvæði samþykktanna. Sérstök áhersla var lögð á að álagning fjallskila væri í samræmi við nýja fjallskilasamþykkt sveitarfélagsins og að fjallskiladeildir væru ekki í viðvarandi skuld við sveitarsjóð.

2. Fram lagt erindi frá byggðarráði þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sæunnar Sigvaldadóttur um takmarkað búfjárhald skv. 3. gr. samþykktar um búfjárhald í Húnaþingi vestra. Óskar Sæunn eftir leyfi til að halda 6 hænur á lóð sinni að Gilsbakka 8 á Laugarbakka. Landbúnaðarráð mælir með því að umbeðið leyfi verði veitt með því skilyrði að umræddu búfé verði haldið innan lóðarmarka.

3. Landbúnaðarráð leggur til við sveitarstjórn að oddvita, sveitarstjóra og formanni landbúnaðarráðs verði falið að ræða við formenn fjallskilastjórna Miðfjarðar og Hrutafjarðar að austan um álagningu fjallskila skv. 10. gr. fjallskilasamþykktar Húnaþings vestra.

Þórarinn Óli Rafnsson boðaði forföll svo og varamaður hans.

Jóhann Ragnarsson, áheyrnarfulltrúi boðaði forföll svo og varamaður hans.

Fulltrúar fjallskilastjórna Vesturhóps og Miðfjarðar mættu ekki til fundarins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:15